



Stefnuskjal

# Þjálfunaráætlun Matvælastofnunar

Mars 2025



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Inngangur .....	2
Nýliðapjálfun .....	3
Starfspjálfun eftirlitsmanna .....	4
Eftirlit í fiskeldi .....	6
Þjálfun dýralækna í sauðfjárslátrun (tímabundið starf) .....	6
Þjálfun verktafa (þjónustudýralækna) til eftirlits fyrir MAST .....	6
Viðbótarþjálfun erlendra starfsmanna .....	6
Þjálfun stjórnenda með mannaforráð .....	7
Frekari þjálfun .....	7
Símenntun / viðhald þekkingar .....	8
Viðaukar .....	9
Viðauki I - Verkleg þjálfun eftirlitsdýralækna í sláturhúsi .....	9
Viðauki II - Þjálfun dýralækna í sauðfjárslátrun .....	9
Viðauki III - Yfirlit eyðublaða til undirbúnings og mótunar þjálfunar .....	10
Bókleg og verkleg starfsþjálfun hjá vettvangseftirliti .....	10
Bókleg starfsþjálfun hjá samhæfingu .....	10
Bókleg starfsþjálfun hjá inn- og útflutningsdeild .....	10
Bókleg og verkleg starfsþjálfun hjá fiskeldisdeild .....	11


## Inngangur

Stefna stofnunarinnar er að hafa ætíð á að skipa hæfu starfsfólki í öllum störfum og tryggja að starfsfólk sem sinnir opinberu eftirliti uppfylli menntunarkröfur og fái viðeigandi starfsþjálfun sem hæfir þeirra störfum og er í samræmi við kröfur löggjafar þar um (þar sem það á við).

MAST leggur áherslu á að starfsmenn viðhaldi og þróa þekkingu sína og faglega hæfni til geta sinnt starfi sínu eins vel og kostur er og öðlist meiri starfsánægju. Er það jafnt á ábyrgð starfsmanns, teyma og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. MAST leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að starfsmenn deili þekkingu sinni og séu reiðubúnir til að aðstoða hver annan í daglegum viðfangsefnum.

Með starfsþróunarstefnu MAST er staðfest mikilvægi þess að starfsmönnum sé gert kleift að viðhalda kunnáttu sinni, auka þekkingu og efla færni í starfi. Í því samhengi er lögð rík áhersla á hagnýta og faglega þekkingu sem styður við og styrkir starfsmanninn í sínu starfi sem og starfsemi stofnunarinnar í heild. Forstöðumenn og starfsmenn eru hvattir til að vera vakandi fyrir tækifærum til aukinnar þekkingar, þjálfunar og fræðslu.

Þá skal stofnunin jafnframt stuðla að dreifingu upplýsinga um námskeið sem henta starfsmönnum og standa reglulega fyrir fræðslufundum og erindum til þess að kynna nýjungar og breytingar fyrir starfsmönnum.





## Nýliðaðþjálfun

Allir starfsmenn sem hefja störf hjá stofnuninni skulu fá nýliðaðþjálfun á fyrstu dögum starfsins sem felur m.a. í sér kynningu á starfsemi stofnunarinnar og helstu kerfum MAST.

Mannauðsstjóri undirbýr komu nýrra starfsmanna skv. eftirfarandi gæðaskjölum úr gæðahandbók:

VRP-016 Starfsmenn – ráðningar, móttaka og starfslok,

VLY-021 Ráðning starfsmanna – Úrvinnsla og móttaka

GAT-002 Móttaka starfsmanna, breyting starfs og starfslok.

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á og sér um framkvæmd og skipulagningu nýliðaðþjálfunar nýrra starfsmanna en hann, gæðastjóri og starfsmenn UT og reksturs hafa umsjón með kynningu á viðfangsefnum á þeirra sérsviði skv. gæðaskjölum gæðahandbókar LBE-151 og EBL-014 um nýliðaðþjálfun. Starfsmaðurinn fær eftir því sem við á kynningu á eftirfarandi viðfangsefnum innan 10 daga frá því hann hefur störf:

Starfsemi MAST og starfsmannamál (þ.m.t. jafnlaunakerfi MAST)

Viðveruskráningar og innheimta reikninga

Innkaup stofnunarinnar og innkaupakort starfsmanna (ef við á)

Gæðakerfi og -handbók, þjálfun starfsmanna og aðferð rótargreiningar

Stjórnsýslulögin og almennt lagaumhverfi MAST

Tölvumál, aðgangskerfi, innri vefur og vistun gagna

Málakerfi og skjalavistun

Ferðaheimildir og ferðauppgjör

Flugpantanir og bílamál

Evrópulöggjöf og umsagnir vegna staðalskjala (ef við á)

Ytri úttektir Eftirlitsstofnunar Efta (ESA) (ef við á)

Persónuvernd (ef við á)

## Starfsþjálfun eftirlitsmanna

Næsti yfirmaður (héraðsdýralæknir eða deildarstjóri) ber ábyrgð á starfsþjálfun sinna eftirlitsmanna, t.d. í matvælaframleiðslu og frumframleiðslu. Hann sér til þess að hún sé skipulögð og fylgir framkvæmdinni eftir. Hann getur falið öðrum framkvæmdaábyrgðina, svo sem fagsviðsstjórum, sérgreinadýralæknum og reyndu eftirlitsfólki. Við skipulagningu starfsþjálfunar skal byggt á þessari þjálfunaráætlun og öðru skráðu verklagi sem þetta snertir og horfa til þess sem fram kemur í löggjöf varðandi þjálfunarkröfur til þeirra sem starfa við opinbert eftirlit.

Starfsþjálfun skal vera sérsniðin að hverjum einstaklingi og taka mið af menntun, þekkingu og reynslu starfsmannsins og eðli starfsins hverju sinni. Hún skal vera bæði bókleg og verkleg og lokið innan þriggja mánaða frá því starfsmaður hefur störf. Starfsmaður ber ábyrgð á að þjálfun hans sé skráð og skjalfest.

Samkvæmt kröfum löggjafar skulu opinberir eftirlitsdýralæknar fá a.m.k. 200 klst. verklega þjálfun áður en þeir hefja störf sjálfstætt. Viðeigandi starfsþjálfun á námstíma má teljast hluti af þessu reynslutímabili. Sjá nánari kröfur í reglugerð 2019/624, II. viðauka. Sjá frekari lýsingu á þjálfun eftirlitsdýralækna í sláturhúsum í viðauka I.

Við uppsetningu þjálfunaráætlunar er stuðst við eyðublöð (skapalón) sem vistuð eru á S://Þjálfun starfsmanna (annars vegar undir 'Samhæfing' og hins vegar 'Vettvangseftirlit/Bókleg starfsþjálfun - eyðublöð). Lista yfir þau er að finna í viðauka II við þessa áætlun.

Alla þjálfun fastra starfsmanna (bóklega og verklega) skal jafnframt skrá í hæfnistjórnunarkerfi MAST (CCQ) (sjá LBE-224 í gæðahandbók til stuðnings). Uppsetning og skráning námskeiða getur átt sér stað áður en þjálfun hefst eða eftir að henni lýkur. Mikilvægt er að leiðbeinendur/kennarar og/eða starfsmenn/nemendur staðfesti þegar þjálfun er lokið. Alla jafna skrá kennarar/leiðbeinendur bókleg námskeið sín í CCQ en yfirmaður/sviðsstjóri skráir verklegapjálfun í CCQ að henni lokinni. Verkleg þjálfun er skráð í excel skjöl sem vistuð eru á S://ÞJÁLFUN STARFSMANNA/Vettvangseftirlit/Verkleg þjálfun. Yfirmaður/sviðsstjóri útbýr möppu fyrir nýjan starfsmann til vistunar skjala. Skráning á verklegri þjálfun í skjalið er í höndum starfsmanns og/eða leiðbeinanda/kennara.

Skipulag og framkvæmd verklegrar þjálfunar felst í tveimur til fimm eftirlitsheimsóknum með fagsviðsstjóra / sérgreinadýralækni / reyndum eftirlitsmanni á hverja tegund búa/starfstöðva.

### Starfsfólk í eftirliti með matvæla-, fóður- og ABP vinnslum (vinnslueftirlit)

Héraðsdýralæknir (næsti yfirmaður) sér til þess að bókleg þjálfun og verkleg þjálfun sé skipulögð af starfsfólki samhæfingar og fylgir því eftir að hún fari fram. Tengiliður á samhæfingu er fagsviðsstjóri málaflokksins eða deildarstjóri. Hann skipuleggur bóklega þjálfun og verklega þjálfun í samráði við aðra fagsviðsstjóra og útbýr áætlun.

#### **Bókleg þjálfun**

Bókleg þjálfun felst í kynningu á skráðu verklagi (gæðaskjölum), reglugerðum og leiðbeiningum sem eftirlitsfólk þarf að þekkja.

Markmiðið er að eftirlitsfólk fái kynningu á þeim gæðaskjölum sem lýsa framkvæmd eftirlits og leyfisveitinga og sé vel meðvitað um þau áður en verkleg þjálfun hefst. Markmiðið er einnig að starfsfólk verði meðvitað um þær reglugerðir sem liggja að baki kröfum málaflokka og fái upplýsingar um þær leiðbeiningar og aðferðir í eftirliti sem tengjast mismunandi málaflokkum. Að bóklegri þjálfun lokinni hafa skapast tengsl milli starfsfólks í vinnslueftirliti og fagsviðsstjóra mismunandi málaflokka og það veit því hver getur leiðbeint þegar þörf er á stuðningi / túlkun á því sem kemur upp í eftirliti.

Við uppsetningu þjálfunaráætlunar er stuðst við eyðublað *EBL Bókleg þjálfun vinnslueftirlit* sem vistað er á S:\ÞJÁLFUN STARFSMANNNA\Vettvangseftirlit\Bókleg starfsþjálfun – Eyðublað. Taka skal mið af forgangsröðun verkefna starfsmanns og eftirlitsáætlun við skipulagningu þjálfunar. Héraðsdýralæknir ber ábyrgð á forgangsröðun. Hafa skal eftirfarandi í huga við skipulagningu þjálfunar.

- Þjálfunaráætlun starfsmanns skal liggja fyrir eigi síðar en í fyrstu viku eftir að hann hefur störf hjá stofnuninni.
- Fagsviðsstjóri málaflokks skipuleggur þjálfun í samráði við héraðsdýralækni og þá starfsmenn sem sjá um starfsþjálfun hvers þáttar.
- Eftir aðstæðum er tímasett dagskrá sett saman. Dreifa skal bóklegri og verklegri þjálfun yfir ákveðið tímabil. Dagskrá er send til nýs starfsmanns, héraðsdýralækni og sviðsstjóra vettvangseftirlits.
- Bókleg þjálfun fer ýmist fram á starfsstöðvum eða gegnum TEAMS. Þjálfuninni skal lokið þremur mánuðum eftir að starfsmaður hóf störf.
- Gögnum er hlaðið upp sem námskeiðsgögn í CCQ og æskilegt er að starfsmaður fái upplýsingar um þau áður en hann hittir viðkomandi fagsviðsstjóra eða sérgreinadýralækni ef við á.
- Hafi starfsmaður ekki fengið bóklega þjálfun í öllum málaflokkum vegna forgangsröðunar verkefna skal héraðsdýralæknir sjá til þess að þjálfunin sé skipulögð áður en nýjum verkefnum er bætt við.
- Skrá skal bóklega þjálfun á þjálfunareyðublað sem er útbúið fyrir hvern og einn og skal vistað undir viðeigandi umdæmi og nafni starfsmanns á S drifi: S:\ÞJÁLFUN STARFSMANNNA\Vettvangseftirlit.

### **Verklegr þjálfun**

Fagsviðsstjóri málaflokks tekur mið af forgangsröðun verkefna við skipulagningu. Gert er ráð fyrir að starfsmenn séu vel meðvitaðir og hafi kynnt sér verklag, vinnulýsingar og skoðunarhandbækur hvað varðar framkvæmd eftirlits og leyfisúttekta þegar verklega þjálfunin hefst, enda hafi þeir fengið kynningu á verklagi í gæðahandbók.

Við skráningu verklegrar þjálfunar er notast við eyðublaðið *Verklegr þjálfun – Eftirlit með vinnslu matvæla* sem er vistað á S:\Þjálfun starfsmanna\Vettvangseftirlit\Verklegr þjálfun – Eyðublað. Æskilegt er að starfsmaður sjái um slíka skráningu á meðan þjálfun fer fram.

Fagsviðsstjóri fer með starfsmanni í eftirlit og framkvæmir eftirlit a.m.k. tvisvar. Starfsmaður fer í eftirlit með tveimur reyndum eftirlitsmönnum a.m.k. eitt með hvorum. Fagsviðsstjóri skipuleggur svo eftirlit með starfsmanninum þar sem hann framkvæmir eftirlit a.m.k. einu sinni undir leiðsögn. Farið er yfir skýrslugerð hvað varðar málfar og framsetningu athugasemda.

Eftirlitsmaður skal einnig fá þjálfun í sýnatökum og meðhöndlun sýna hjá fagsviðsstjórum/sérgreinadýralæknum eftir því sem við á.

Sé starfsmaðurinn tilbúinn í eftirlit er matið skráð á eyðublaðið og það staðfest af næsta yfirmanni að starfsmaðurinn er hæfur til að starfa sjálfstætt við eftirlit á þeim sviðum sem hann hefur fengið þjálfun í. Eyðublaðið skal vistað undir viðeigandi umdæmi og nafni starfsmanns á S drifi: S:\ÞJÁLFUN STARFSMANNNA\Vettvangseftirlit. Samantekt yfir verklega þjálfun er hlaðið upp í CCQ.

Það er metið hvort þörf sé síðar á þjálfun í mismunandi tegundum starfsstöðva (fiskur, mjólk, kjöt, egg, fôður, ABP, áburður) ef áhersla á þjálfun hefur verið á eina tegund starfsstöðva, og ber héraðsdýralækni að kalla eftir frekari þjálfun fagsviðsstjóra málaflokks ef þörf er á þegar verkefnum er bætt á starfsmenn.

Starfsmaður hefur samráð við fagsviðsstjóra við fyrstu leyfisúttektina. Það er metið hvort þörf sé á sérstakri þjálfun við framkvæmd leyfisúttekta. Æskilegt er að starfsmaður hafi 6-12 mánaða reynslu við framkvæmd eftirlits.

### **Mat á þjálfun**

Þremur til sex mánuðum eftir að bókleg þjálfun fór fram bókar fagsviðsstjóri samtalið með starfsmanni þar sem farið verður yfir reynslu og áskoranir sem tengjast eftirliti með viðkomandi málaflökk. Samtalið skal skrá á skráningarblað þjálfunar.

Starfsmaður, héraðsdýralæknir og fagsviðsstjórinn fara yfir stöðuna og upplifun starfsmanns af framkvæmd eftirlits og það metið hvort þörf sé á frekari þjálfun. Matið skal fara fram áður en starfsmaður framkvæmir eftirlit upp á eigin spýtur. Skráð á skráningarblað þjálfunar.

## Eftirlit í fiskeldi

Í fyrstu verður áhersla á stjórnsýslu í fiskeldi og útgáfu rekstrarleyfa undir stjórn fagsviðsstjóra leyfamála og eftirlit með fiskeldi undir stjórn fagsviðsstjóra eftirlits, bæði rafrænt eftirlit og eftirlit á staðnum.

Markmið með þjálfun: Kynning á lögum og reglugerðum er varða fiskeldi. Starfsmaður les síðan þau gögn (lög og reglugerðir) sem hafa verið kynnt fyrir honum.

Verkleg þjálfun í framkvæmd fiskeldiseftirlits fer fram í fiskeldisfyrirtækjum með eftirlitsfólki í fiskeldi. Starfsmaður fylgist með eftirliti a.m.k. tvisvar í landeldi og tvisvar í sjókvíaeldi. Framkvæmir eftirlit undir umsjón eftirlitsmanns (þjálfara) a.m.k. tvisvar í landeldi og tvisvar í sjókvíaeldi. Fagsviðsstjóri eftirlits fiskeldis fer yfir stöðuna og metur hvort starfsmaður er hæfur/treystir sér til að sinna eftirliti á eigin spýtum. Ef þörf er á bætast við fleiri eftirlitsheimsóknir undir umsjón þjálfara. Þjálfun er skráð í CCQ.

## Þjálfun dýralækna í sauðfjárslátrun (tímabundið starf)

Þegar nær dregur sauðfjárslátrun (um miðjan ágúst) sendir fagsviðsstjóri afurða kjöts tölvupóst til allra þeirra aðila sem von er á til starfa í sláturhúsum í sauðfjárslátrun og ekki hafa hlotið slíka þjálfun áður. Í viðauka II er listi yfir þá þætti sem þessir aðilar skulu fá þjálfun í (rafrænir fyrirlestrar) og það efni sem þeir skulu kynna sér.

## Þjálfun verktaka (þjónustudýralækna) til eftirlits fyrir MAST

Þegar samningur er gerður við sjálfstætt starfandi dýralækna um framkvæmd eftirlits í frumframleiðslu eða sláturhúsi fyrir hönd MAST gerir héraðsdýralæknir viðkomandi umdæmis drög að þjálfunaráætlun áður en dýralæknirinn hefur störf.

Þau störf sem viðkomandi er ætlað að sinna geta verið mismunandi eftir árstíma og umdæmum og sníða þarf þjálfun hvers og eins eftir því. Á S:/ÞJÁLFUN STARFSMANNNA//Vettvangseftirlit/Verkleg þjálfun-Eyðublað er eyðublað sem héraðsdýralæknir styðst við þegar þjálfun er skipulögð. Tegund starfsstöðva, dagsetning, tímafjöldi og hver þjálfar skal koma fram á eyðublaðinu ásamt nafni dýralæknis. Að lokinni þjálfun er staðfesting hennar vistuð á S:/Vettvangseftirlit/Þjónustudýralækna.

## Viðbótarþjálfun erlendra starfsmanna

Þjálfun eftirlitsmanna hjá Matvælastofnun sem ekki hafa vald á íslenskri tungu er undirbúin og framkvæmd á sambærilegan hátt og þjálfun annarra starfsmanna í opinberu eftirliti.

Fastráðnum starfsmönnum standa til boða þrjú námskeið í íslensku fyrir útlendinga á kostnað stofnunarinnar. Starfsmönnum sem ráðnir eru tímabundið, lengur en 6 mánuði, stendur til boða eitt til þrjú námskeið í samræmi við lengd ráðningarsamnings.

Starfsmannahandbók er aðgengileg á ensku á S-drífi.

## Þjálfun stjórnenda með mannaforráð

Allir sem hefja störf og hafa einhver mannaforráð skulu hljóta kynningu á eftirfarandi þáttum í samræmi við eyðublað á S:/ÞJÁLFUN STARFSMANNA/Stjórnendur. Mannauðsstjóri sér að mestu leyti um þjálfunina auk forstjóra og gæðastjóra.

- Skipurit, hlutverk, ábyrgð
- Starfsmannalög
- Kjara- og stofnanasamningar
- Fjármál
- Markþjálfun
- Teymisvinna
- Jafnlaunavottun
- Erfið starfsmannasamtöl (frammistaða, afköst, viðvera)
- Kulnun
- Mismunandi kerfi
- Fjölmíðlasamskipti
- Mælaborð
- Áætlanagerð

## Frekari þjálfun

Við mat á frekari þjálfunarpörf starfsmanna í opinberu eftirliti skal einnig horft til eftirfarandi þátta:

- Eftirlitsáætlun (LEMA)
- Niðurstöður innri úttekta
- Niðurstöður ytri úttekta
- Rýni á niðurstöðum eftirlits (mælaborð)
- Ný löggjöf
- Nýtt eða breytt verklag
- Ný kerfi innleidd
- Tillögur frá starfsmönnum/teymum

## Fjarþjálfun

Fjarþjálfun er tvönn konar. Annars vegar þegar hluti þjálfunar fer fram með fjarfundabúnaði, svo sem TEAMS. Hins vegar þegar starfsmaður nýtir sér rafrænt námsefni sem aðgengilegt er hjá stofnuninni. Slíkt efni kemur einnig að góðum notum sem stuðningur við þjálfun á staðnum og til upprifjunar síðar.

Framkvæmdaábyrgðaraðili upplýsir nýjan starfsmann um upptökur af erindum og næsti yfirmaður tryggir að starfsmaðurinn fái tíma til þjálfunar og aðstöðu til þess. Starfsmanni er einnig leiðbeint eftir þörfum, t.d. við að ná tali af þeim starfsmönnum sem fluttu erindið til frekari umræðu og upplýsingar.



## Símenntun / viðhald þekkingar

MAST leggur áherslu á að starfsmenn viðhaldi og þrói þekkingu sína og faglega hæfni til geta sinnt starfi sínu eins vel og kostur er og öðlist meiri starfsánægju. Er það jafnt á ábyrgð starfsmanns, teyma og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Sjá stefnuskjalið SSK-006 í gæðahandbók MAST – Starfsþróunarstefna og reglur um námsleyfi.

### ***BTSF námskeið (Better training for safer food)***

Ein öflugasta leið starfsmanna til að sækja sér símenntun er gegnum námskeið BTSF (Better training for safer food). Verklag fyrir umsóknir, afgreiðslu þeirra og fleira þessu tengt er að finna í verklagi VLY-122 í gæðahandbók MAST. Gæðastjóri gegnir hlutverki tengiliðs við BTSF teymið (NCP) og stýrir hann bæði umsóknaferli og utanumhaldi.

Í boði eru kúrsar í staðnámi (F2F) sem taka allajafna eina viku. Í löggjöf um opinbert eftirlit er krafa (gr. 5.4) um að starfsmenn í eftirliti hljóti þjálfun á skipulegan hátt en þeim sem sækja BTSF námskeið er einnig ætlað að dreifa efni námskeiðanna og aflaðrar þekkingar á meðal samstarfsmanna að námskeiði loknu (gr. 130.4). Efni námskeiða er vistað á S:/BTSF. Þeir starfsmenn sem sækja námskeiðin skulu kynna efni þess, áherslur og nýjungar (ef við á) fyrir samstarfsmönnum með fundum og/eða dreifingu samantektar. Kynningarnar og efnið er skráð í CCQ undir 'mín hæfni'.

Að auki býðst svokölluð 'E-learning' leið þar sem þátttakendur fá aðgang að tilteknu efni fyrir hvert námskeið í eitt ár (um átta klst efni). Allar upplýsingar um fyrirkomulag, kúrsa í boði og skráningu er að finna á vefsíðu BTSF á <https://btsfacademy.eu> en einnig má senda fyrirspurnir á [btsf@mast.is](mailto:btsf@mast.is).

### ***Skráning og utanumhald um þjálfun***

Matvælastofnun hefur tekið upp hæfnistjórnunarkerfið CCQ. Þar er öll þjálfun starfsmanna skrásett og þjálfunarefni vistað eftir því sem við á og þurfa þykir hverju sinni. Námskeið eru ýmist með kennara eða sjálfsnám og unnt að nýta sér það til að óska eftir að einn eða fleiri starfsmenn kynni sér skjöl og staðfesti lestur. Einnig getur hver og einn starfsmaður haldið utan um sína hæfni og starfsþróun (símenntun) í kerfinu.

## Viðaukar

### Viðauki I - Verkleg þjálfun eftirlitsdýralæknis í sláturhúsi

Undirbúningur og framkvæmd þjálfunar fer þannig fram að næsti yfirmaður setur upp þjálfunaráætlun (t.d. í Excel eða öðru töfluformi) þar sem skráð er tegund sláturhúss og hver starfsstöð einnig tiltekin, dagsetning, fjöldi tíma og hver þjálfar. Nafn starfsmanns skal jafnframt koma fram sem og heildarfjöldi tíma. Sjá skjal á S:/Þjálfun starfsmanna/Vettvangseftirlit/Sláturhús (Dæmi um þjálfun í SH).

Starfsmaðurinn skal einnig, að lágmarki, kynna sér eftirtaldar reglugerðir og þær einnig hafðar til hliðsjónar og stuðnings við verklega þjálfun.

- 2017/625/EB (234/2020/IS) – Opinbert eftirlit
- 852/2004/EB (103/2010/IS) – Hollustuhættir er varða matvæli
- 853/2004/EB (104/2010/IS) – Hollustuhættir (sérkröfur)
- 1099/2009/EB (911/2012/IS) – Vernd dýra við aflifun
- 2019/627/EB (483/2020/IS) – Eftirlit með afurðum úr dýraríkinu
- 52/2014/IS – Reglugerð um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma
- 2073/2005/EB (135/2010/IS) – Örverufræðileg viðmið
- 1069/2009/EB og 142/2011/EB (674/2017/IS) – Aukaafurðir dýra
- 527/201/IS – Velferð dýra í flutningi

Á fyrstu mánuðum í starfi skal starfsmaðurinn skrá sig á og ljúka rafrænum kúrsi/-um BTSF (e-learning) um velferð dýra við slátrun. Einnig eru fleiri tegundir kúrsa í boði. Sjá frekari upplýsingar undir kafla um símenntun í þjálfunaráætlun og hjá tengilið við BTSF (btsf@mast.is). Einnig stendur til boða að taka rafræna kúrsa Animalia. Starfsmenn eru sjálfir ábyrgir fyrir að skrá BTSF þjálfun undir 'mín hæfni' í CCQ.

Að starfsþjálfun lokinni er hún skráð í CCQ (af héraðsdýralækni eða öðrum með hæfnisstjóraaðgang) og ofangreindu yfirliti þjálfunar hlaðið upp sem námskeiðsgagn. Yfirmaður (skráður sem kennari) og/eða starfsmaður staðfestir að þjálfun sé lokið (sjá einnig LBE-224 um hæfnistjórnunarkerfið).

Fagsviðsstjóri daglegs eftirlits í sláturhúsum er ábyrgur fyrir að þekking og störf eftirlitsdýralækna í sláturhúsi sé í samræmi við löggjöf. Hann skipuleggur mat á þekkingu þeirra og störfum, gerir matsáætlun og framkvæmir reglulega eða felur öðrum framkvæmdina. Fagsviðsstjóri vinnur úr niðurstöðum matsins og endurmetur þjálfun ef þörf er á og ábyrgist að auki þjálfun fari fram.

Þörf á mati fer eftir starfsreynslu hjá stofnuninni og niðurstöðum úr fyrra mati hjá viðkomandi aðila.

### Viðauki II - Þjálfun dýralækna í sauðfjárslátrun

Efnið er á formi rafrænna fyrirlestra sem viðkomandi aðilar fá senda:

- Ákvæði eftirlitslöggjafar varðandi daglegt eftirlit í sláturhúsum og heilbrigðisskoðun sláturgripa
- Varnarhólf og varnarlínur, línubrjótur, riðu- og garnaveiki
- Daglegt eftirlit í sláturhúsi (lífskoðun, heilbrigðisskoðun) ásamt lýsandi myndum úr heilbrigðisskoðun
- Hleðslustaðfestingar vegna útflutnings
- Sýnatökur í sauðfjársláturhúsum

- Störf dýralækna í sláturhúsum, hollustuhættir o.fl.
- Aukaafurðir dýra
- Tengill á BTSF e-Learning námskeið um velferð dýra við aflifun sem hver og einn sækir um aðgang að (að námskeiði loknu skal skila skal skirteinum til sérgreinadýralæknis velferðar sláturdýra).

Fyrirlestrarnir eru fluttir á ensku.

Starfsmenn fá einnig eftirfarandi skjöl sem þeim ber að kynna sér:

- Starfslýsing íslenskumælandi eftirlitsdýralæknis í SH
- Skoðunarhandbók fyrir daglegt eftirlit við slátrun á sauðfé, svínum og stórgripum (LBE-046)
- Leiðbeiningar um skoðun í rétt (á íslensku og ensku)
- Gátlisti fyrir daglegt eftirlit í SH á íslensku og ensku (GAT-011/GAT-019)
- Leiðbeiningar um viðbrögð við frávikum í daglegu eftirliti (LBE-166)
- Listi yfir tilfelli riðuveiki
- Eyðublað fyrir kröfu um úrbætur (á íslensku og ensku) (EBL-066)
- Eyðublað fyrir skráningu sjúkdóma á sláturlínu (á ensku)
- Vöðvasullir – Myndir (texti á íslensku og ensku)
- Rannsóknabeiðni fyrir meinafræðiskoðun og aðrar rannsóknir

Jafnframt fylgja með eyðublað fyrir þjálfun hvers og eins starfsmanns og þess óskað að hann leiti staðfestingar viðkomandi héraðsdýralæknis á þjálfuninni og eyðublaðinu að því loknu komið til fagsviðsstjóra afurða kjöts.

## Viðauki III - Yfirlit eyðublaða til undirbúnings og mótunar þjálfunar

### Bókleg og verkleg starfsþjálfun hjá vettvangseftirliti

- Bókleg þjálfun héraðsdýralæknis
- Bókleg þjálfun eftirlitsdýralæknis
- Bókleg þjálfun dýraeftirlitsmanns
- Bókleg og verkleg þjálfun dýralæknis í sláturtíð – er í möppunni „Sláturhús“
- Bókleg og verkleg þjálfun - Eftirlit með vinnslu matvæla og fóðurs
- Verkleg þjálfun – Eftirlit í frumframleiðslu – Hross
- Verkleg þjálfun – Eftirlit í frumframleiðslu – Nautgripir
- Verkleg þjálfun – Eftirlit í frumframleiðslu – Sauðfé
- Verkleg þjálfun – Sláturhús
- Verkleg þjálfun – Verktaki (eftirlit í frumframleiðslu)

### Bókleg starfsþjálfun hjá samhæfingu

- Þjálfun sérgreinadýralæknis

#### *Bókleg starfsþjálfun hjá inn- og útflutningsdeild*

- Þjálfun dýralækna (e. Professional training of veterinarians)
- Þjálfun plöntueftirlitsmanns



- Þjálfun sérfræðings inn- og útflutnings (er í endurskoðun)
- Þjálfun móttökuritara á Dalshrauni

*Bókleg og verkleg starfsþjálfun hjá fiskeldisdeild*

- Þjálfun eftirlitsmanns í fiskeldi
- Yfirlitsskjal – Dæmi um uppsetningu á S:/Þjálfun starfsmanna/Yfirlitsskjöl - Dæmi